

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Flensborg“ í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 11. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Flensborg“ í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér stækkun á skólalóð Flensborgarskóla og gerður er nýr byggingarreitur fyrir stækkun skólans ásamt aukningu á bílastæðum. Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 9. febrúar 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.